

# Deiliskipulagsbreyting/eða Grenndarkynning

Hrauntunga

fjölgun íbúða

sbr. 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

eða

sbr. 1.mgr. 44.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mánuður ár

Hafnarfjarðarbær  
Umhverfis- og skipulagsþjónusta

## Hrauntunga. Skipulagsleg staða. Uppbyggingarmöguleikar.

Á mörkum Vestur- og Norðurbæjar liggur Hrauntunga. Á skipulagsupprætti frá árinu 1982 tilheyrir hún íbúðarhverfi í Norðurbæ. Árið 2012 gekk í gildi endurgert deiliskipulag fyrir svæðið, íbúðarhverfi í Norðurbæ, og ná deiliskipulagsmörkin ekki yfir Hrauntungu. Er því ekki neitt deiliskipulag fyrir svæðið.



Skýringarmynd, hluti Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025.  
Hrauntunga merkt með hvítum hring.

Við Hrauntungu 5 er stór lóð við botnlanga er liggur að Víðistaðaskóla. Á henni standa tvö hús, timburbygging frá árinu 1968 og önnur steyppt frá 1983, sem gegna nú því hlutverki að hýsa vinnuskóla Hafnarfjarðar. Nánasta íbúðabyggð byggðist upp kringum árin 1982-1986.

Vilji er nú til þess hjá bæjarstjórn að nýta landsvæðið við Hrauntungu 5 undir íbúðir og koma fyrir 3 til 5 íbúðum í formi par- og/eða raðhúsa (sérbýli). Sk. Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 fellur umrædd lóð undir íbúðarbyggð. Er hún skráð sem viðskipta- og þjónustu lóð í Þjóðskrá. Víðistaðaskóli liggur við Hrauntungu 7. Skoða þarf tengingu við gatnakerfi og nánasta umhverfi við uppbyggingu á lóðinni Mikilvægt er að verði byggt á þessu svæði verði lágrest hús er falla að byggðarmynstri við Hrauntungu.



*Yfirlitsmynd úr gildandi deiliskipulag fyrir Víðistaðatún.  
Hrauntunga er ekki hluti af því skipulagi.  
Orange hringur sýnir staðsetningu Hrauntungu 5.*



*Ljósmynd. Hrauntunga 5.*

Hrauntunga er hluti af íbúðarhúsabyggð þar sem lóðarmörk umræddrar lóðar er við Víðistaðatún. Ekki eru neinar kvaðir eða verndun á svæðinu í kring. Ekki er þörf á aðalskipulagsbreytingu en gera þarf deiliskipulagsbreytingu svo fara megi í uppbyggingu á svæðinu. Eins og fram hefur komið skal sú uppbygging taka mið af byggðamynstri hverfisins og mælikvarða. Jafnframt þarf að skoða umferðarmál og hvernig þau verði best leyst við götuna miðað við fjölgun íbúða.

Horft er til þess að farið verði í deiliskipulagsbreytingar á gildandi deiliskipulagi Norðurbæjar, íbúðarhverfi í Norðurbæ, vegna breyttrar landnotkunar við Hjallabraut. Íbúðarbyggðin við Hrauntungu fellur betur að aldri og gerð Norðurbæjar heldur en Vesturbænum. Lagt er til að Hrauntunga verði því aftur hluti af Norðurbæ og mörk deiliskipulagsins færð við Hraunbrún.